

Góðir félagar og ráðstefnugestir

Atvinnuleysi er böll. Það er böll fyrir hvern þann sem fyrir því verður og fjölskyldu hans og það er þjóðfélagslegt böll. Sagan kennir okkur að atvinnuleysi fylgja margvíslegir fylgikvillar, jafnt fyrir þann atvinnulausa og samfélagið.

Það er því samfélagsleg skylda okkar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Jafnframt er það skylda okkar að búa þannig um hnútana í samfélaginu, að brugðist sé við því með viðunandi hætti þegar til atvinnuleysis kemur.

Annars vegar þarf samfélagið í heild að leggja sig fram um að skapa nægilega mörg störf fyrir vinnufúsar hendur. Hins vegar þarf velferðarkerfið að vera undir það búið að tryggja þeim sem af einhverjum ástæðum geta ekki stundað launavinnu um stundarsakir bærilega afkomu.

Verkalýðshreyfingin hefur alla tíð látið sig málefni atvinnulausra miklu varða. Raunverulegar atvinnuleysistryggingar komu fyrst til sögu í kjölfar harðvítugrar kjaradeilu árið 1955.

Raunar höfðu gilt lög um alþýðutryggingar frá 1936. Þeim fylgdi aftur móti enginn atvinnleysistryggingasjóður og ekkert fé til að greiða atvinnleysisbætur.

Kerfið hefur tekið miklum breytingum þá tæpu hálfu öld sem það hefur verið við lýði. Fyrir um fimm árum voru gerðar viðamiklar breytingar með lögum um atvinnleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir. Þar er m.a. að finna þá hugsun að gera þá einstaklinga sem missa vinnuna sterkari og hæfari og þar með eftirsóknarverðari á vinnumarkaði.

Í þessu sambandi skipta menntun og starfsþjálfun höfuðmáli. Alþýðusambandið vill leggja enn meiri áherslu á þessa hlið. Við viljum ganga lengri í að styrkja stöðu þeirra sem eru án atvinnu til að auðvelda þeim að komast inn á vinnumarkaðinn.

Sem betur fer hefur ekki verið mikið atvinnuleysi á Íslandi frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Helstu tímabilin hafa verið í kringum 1950, 1967 og 68, fyrri hluta tíunda áratugar síðustu aldar og svo núna á síðustu misserum.

Bæði ríkisstjórnin og nokkur stór sveitarfélög hafa ákveðið að bregðast við þessu ástandi núna og því ber að fagna. Við hefðum auðvitað kosið að meira samráð hefði verið haft við okkur um útfærslurnar og það er svosem ekki útilokað að það verði gert í einhverjum tilvikum.

Hvorki þessar boðuðu aðgerðir, né væntanlegar framkvæmdir fyrir austan eru þó farnar að hafa veruleg áhrif á vinnumarkaðinn ennþá eða draga úr atvinnuleysi. Þess vegna er full þörf á því að fjalla um aðgerðir gegn atvinnuleysi og stuðning við atvinnulausa núna. Og við verðum alltaf að vera viðbúin að taka á og bregðast við atvinnuleysi og að koma í veg fyrir það.

Þó svo það hljóti alltaf að vera forgangsverkefni að koma í veg fyrir atvinnuleysið, þarf velferðarkerfið að vera undir það búíð að taka á málefnum atvinnulausra. Það felst meðal annars í greiðslu atvinnuleysisbóta.

Allt fram til ársins 1996 tóku atvinnuleysisbætur mið af launum fiskverkafólks og hækkuðu til samræmis við þau. Í upphafi þess árs var tengingin rofin með breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar. Eftir það hafa þær verið endurskoðaðar með tillit til þróunar launa, verðlags og efnahagsástands.

Það er hins vegar staðreynd, að lægstu laun hafa á síðustu árum hækkað talsvert meira en laun almennt. Lágmarksdagvinnulaun fiskverkafólks án bónusa – sem miðað var við fyrir þessa breytingu, eru í dag 93.000. Fullar atvinnuleysisbætur eru aftur á móti um 77.500. Þær eru því um 20% lægri en ef þær hefðu áfram fylgt dagvinnulaunum fiskverkafólks. Þetta er algerlega óviðunandi.

Í flestum OECD ríkjum eru atvinnuleysisbætur tengdar fyrri launum með einhverjum hætti, þó svo útfærslan sé mismunandi. Meðal þess sem er að finna í þeim tillögum sem hafa verið til umfjöllunar á vettvangi Alþýðusambandsins er að hafin verði skoðun á því hvort tekjutengja eigi atvinnuleysisbætur með einhverjum hætti og þá hvernig.

Þetta er auðvitað spurning um það hvort við viljum kerfi fyrir alla, kerfi sem tekur þá mið af því hver staða viðkomandi er þegar hann missir vinnuna, eða kerfi sem gengur út frá því að eini hvatinn fyrir hinn atvinnulausa til virkrar atvinnuleitar sé að hann eigi engra annarra kosta vöð. Hann geti ekki lifað af þeim bótum sem hann fær.

Auk þessa er að finna í tillögunum að sú 20% kjaraskerðing sem átt hefur sér stað frá 1995 verði þegar leiðrétt og atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 93.000. Ennfremur er lagt til að ferli skráninga og umsýsla verði einfölduð frá því sem nú er. Með því væri hægt að auka þjónustu og ráðgjöf við þá sem eru í atvinnuleit og fyrirtæki sem leita til vinnumiðlana.

Þessu til viðbótar er lögð mikil áhersla á aðstoð, ráðgjöf og möguleika á að efla menntun þeirra sem eru í atvinnuleit, til að treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Í tillögunum er einnig að finna áherslu á endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og að sett verði lög um einkareknar ráðningarstofur, í því augnamiði að tryggja réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja sem leita eftir þjónustu hjá þessum aðilum.

Allar þessar tillögur eru mikilvægar og nauðsynlegt að áfram verði að þeim unnið. Það er meðal annars tilgangurinn með þessari ráðstefnu hér í dag.

Við megum þó aldrei missa sjónar á því sem ég sagði hér í upphafi máls míns. Atvinnuleysi er böll og við þurfum að gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir það. Við heyrum stundum talað um eðlilegt eða hæfilegt atvinnuleysi. Í því sambandi er stundum vísað til ástandsins annars staðar, ekki síst á meginlandi Evrópu.

Við megum ekki gleyma því, að atvinnuleysið í þessum löndum byggir ekki á því að menn telji það hæfilegt, því í öllum þessum löndum stefna menn að því að draga úr því og helst útrýma.

Okkar viðmiðun á ekki að vera ástandið í þessum löndum, heldur ástandið hér á Íslandi í gegnum tíðina. Við eigum að bera okkur saman við okkar eigin sögu, sem segir okkur að atvinnuleysi er ekki náttúrulögmál. Íslenskt samfélag er einfaldlega of lítið og nálægðin það mikil að það þolir ekki atvinnuleysi.

góðir ráðstefnugestir

Um leið og ég fagna því að efnt skuli vera til þessarar ráðstefnu og vona að henni farnist vel í störfum sínum, legg ég áherslu á þá skoðun mína að atvinnuleysi sé ekki náttúrulögmál og það eigi ekki að líðast. Í mínum huga er eina hæfilega atvinnleysið núll prósent atvinnuleysi. Í því markmiði hlýtur sýn Alþýðusambandsins að felast.